

Hverfisráð Hlíða

Ár 2017, fimmtudaginn. 23. nóvember, var haldinn 146. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn í Háteigsskóla og hófst kl. 16.15 Viðstödd voru: Margrét M Norðdahl (S), Örn Þórðarson (D), Eva Baldursdóttir (S), Eva Kamilla Einarsdóttir (S) og Hrefna Guðmundsdóttir (BF). Þá sátu fundinn þau Snædís Karlsdóttir áheyrnarfulltrúi (F og F), Tryggvi Scheving Thorsteinsson fulltrúi Íbúasamtaka Hlíða, Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Fram fer kynning og almennar umræður um skólastarf Háteigsskóla og annað sem viðkemur starfsemi skólans.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Hlíða þakkar Arndísi og Þórði fyrir góðar móttökur og veitingar og kynningu á starfsemi skólans.

Arndís Steinþórsdóttir skólastjóri og Þórður Óskarsson aðstoðarskólastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. október 2017 varðandi Laugaveg 143 og 145.
3. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 1. nóvember 2017, um stofnun hverfissjóðs og samráð við hverfisráð.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Hlíða þakkar fyrir framtakið og tekur afar jákvætt í þau áform að stofnaður verði nýr Hverfissjóður. Úr eldri Hverfissjóði Reykjavíkur sem nú er að klárast hafa mörg áhugaverð og góð verkefni í hverfinu fengið styrk og því afar mikilvægt að koma á fót öðrum sjóði sem getur áfram stutt við framtak íbúa og frumkvæði. Hverfisráð leggur til að fyrri úthlutunarreglur verði til hliðsjónar en þó er þörf á breytingum á þeim og uppfærslu, í eldri reglum er tam. talað um að ekki megi styrkja sama verkefni tvisvar en hverfishátíðir munu þurfa að sækja um í sjóðinn og þær eru oft haldnar árlega. Einnig þarf að skoða hvernig greiðslum úr sjóðnum er háttað, skipting á greiðslum, svo að það nýtist umsækjendum og geri þeim kleift að framkvæma verkefnin. Skoða verður sérstaklega hvernig sjóðurinn skiptist á milli hverfa að teknu tilliti til stærðar hverfa, íbúafjölda og innri skiptingu á milli hverfahluta. Hverfisráð óskar eftir að samráð verði haft við Hverfisráð við nánari útfærslu á úthlutunarreglum og upphæð í sjóðnum en mikilvægt er að auka fjármagn í sjóðinn frá því sem áður hefur verið til þess að hann geti betur sinnt hlutverki sínu og haldi áfram að efla hverfisvitund, styrkja íbúafrumkvæði í hverfum og frumkvöðlastarf.

4. Lagt fram bréf frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 13. nóvember 2017 með beiðni um umsögn um tillögu um breytta skipun í hverfisráð. Frestað.
5. Fram fer umræða um hugmynd að strætóstoppi við Kringlumýrarbraut við Suðurhlíðar.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð tekur jákvætt í hugmynd, fulltrúi íbúasamtaka Hlíða búsettur í Suðurhlíðum ráðfærði sig við íbúa í hverfinu sem tóku einnig jákvætt undir. Þetta væri bót fyrir marga og Hverfisráð óskar eftir að þetta verði sett í framkvæmd svo fljótt sem auðið er.

6. Fram fara umræður um varnarveg/hljóðmön við Gunnarsbraut, áður Miklubraut.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Við Gunnarsbraut, kaflann sem áður var Miklabraut og vísar að nýju Miklubrautinni er lágreistur veggur við gangstétt. Hverfisráð óskar eftir því að veggurinn verði lagfærður þannig að hætta sem skapast vegna hans verði úr sögunni. Veggurinn ekki nægjanlega hár, ef fólk dettur þarna á hjóli þarf ekki mikið til að það kastist út á Miklubrautina. Einnig er hætta á að bifreið geti farið inn á stíginn ef umferðaróhapp verður á Miklubrautinni. Á þessum stað er gangstéttin, sem tekur við að nýjum hjólastíg, afar þröng og mjög erfitt að sjá umferð sem er að koma úr gagnstæðri átt. Einnig hafa íbúar ítrekað orðið vitni að því að fólk telji að götumegin við veginn sé þröngur göngurstígur og feti stíginn þrönga upp á brú við Snorrabraut. Átta sig sjálfsagt ekki á að þarna rétt fyrir framan eru undirgöng. Oft er um erlenda ferðamenn að ræða. En mikil hætta skapast fyrir þau sem feta þennan stíg rétt við afar hraða umferð.

7. Fram fara umræður um vetrarhátíð í Hlíðum sem fyrirhuguð er 20. desember n.k. í samstarfi við ýmsa hagsmunaaðila.

Fundi slitið kl. 18.10

Margrét M. Norðdahl

Örn Þórðarson
Eva Baldursdóttir

Hrefna Guðmundsdóttir
Eva Kamilla Einarsdóttir